



REYKJANESBÆR

FORSTÖÐUMAÐUR

UMHVEFIS- OG TÆKNISVIÐS •

Reykjanesbæ, 26.11.2001

Vegagerðin
Hr. umdæmisstjóri
Jónas Snæbjörnsson
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Varðar: Kynningarfundur Vegagerðarinnar með fulltrúum Reykjaneshæjar um tvöföldun Reykjaneshrautar, haldinn þann 30. 05. s.l.

Þessir sátu fundinn:

Frá Vegagerð: Jónas Snæbjörnsson umdæmisstjóri, Hilmar Finnsson verkfræðingur og Jóhann Bergmann verkfræðingur. Frá Reykjaneshæ: Ellert Eiríksson bæjarstjóri, Árni Ingi Stefánsson formaður skipulags- og byggingarnefndar, Viðar Már Aðalsteinsson forstöðumaður umhverfis- og tæknisviðs og Heiðar Ásgeirsson byggingarfulltrúi.

Fulltrúar Vegagerðar kynntu greinargerð um frumdrög að tvöföldun Reykjaneshrautar þar sem fyrirhugaðri legu hrautarinnar var lýst í orðum og á loftmyndum. Umræður áttu sér stað almennt um legu hrautarinnar og skoðanskipti um þrjá valkosti í útfærslu gatnamóta Reykjaneshrautar við Seylubraut:

1. S1 Brú, óbreytt hæðalega Reykjaneshrautar.
2. S2 Brú, lækkun Reykjaneshrautar.
3. S3 Stefnugreind vegamót.

Fulltrúar Reykjaneshæjar mæltu með möguleika 2 en höfnuðu með öllu möguleika 3. Þar sem hann uppfyllir í engu kröfur um umferðaröryggi sem er megintilgangur tvöföldunar Reykjaneshrautar. Jafnframt var lagt til að hraðað yrði hönnun og framkvæmd á nýrri vegtengingu að aðalhlíði Keflavíkurflugvallar og út í Hafnir þar sem núverandi gatnamót séu stórhættuleg. Að öðru leyti voru menn sammála legu hrautarinnar. Þetta var niðurstaða fulltrúa Reykjaneshæjar.

Fundarmenn þökkðu hvor öðrum fyrir góðan og gagnlegan fund um þarft málefni

Ofangreint svo ritað

Viðar Már Aðalsteinsson